




HVAÐ VILTU VITA?

10 ALGENGAR SPURNINGAR
OG SVÖR UM ESB



1. Hafa smáríki áhrif á ákvarðanir innan ESB?

Því er stundum haldið fram að smáríki þurfi að sætta sig við ákvarðanir og vald stóru ríkjanna innan ESB. Innan ráðherraráðsins, þar sem hagsmunna aðildarríkjanna er gætt, er því þannig háttað að öll ríkin hafa áhrif á lokaákvörðun um reglugerðir ESB. Samkvæmt Lissabon-sáttmálanum mun nýtt kosningafyrirkomulag taka gildi í ráðherraráðinu árið 2014 sem felur í sér skilyrði um tvöfaldan meirihluta til að ákvörðun sé samþykkt:

- i) **Að lágmarki 55% aðildarríkja** ESB þurfa að styðja ákvörðunina. Ef við miðum við núverandi fjölda aðilarríkja (27 ríki) myndu því 15 aðildarríki þurfa að sam-mælast. Þetta felur í sér að vægi Þýskalands er hið sama og Möltu.
- ii) **Að lágmarki 65% íbúafjölda** aðildarríkja ESB skal standa að baki hverri ákvörðun.

Tvöfalda meirihlutakerfið er bæði lýðræðislegra og skilvirkara, það auðveldar myndun meirihluta og liðkar þannig fyrir ákvarðanatöku – sem er mjög mikilvægt í sambandi sem samanstendur af 27 aðildarríkjum, eða jafnvel fleiri.

Ákvarðanir í þeim málaflokkum sem teljast viðkvæmir skulu áfram teknar á grundvelli einróma samþykkis. Á það sérstaklega við mál er varða skattlagningu, almanna-tryggingar og félagsleg réttindi, aðild nýrra ríkja að ESB, sameiginleg utanríkis- og varnarmál og lögreglusamvinnu. Í þessum málaflokkum þarf samþykki allra aðildarríkja, hvort sem þau teljast til smárra, meðalstórra eða stórra aðildarríkja.

2. Koma stofnanir ESB í staðinn fyrir þjóðþing og ríkisstjórnir aðildarríkjanna?

Nei. Ríkisstjórnir aðildarríkja fara áfram með framkvæmdavald og þjóðþing viðkomandi ríkis með löggjafarvald. Ríkisstjórnir aðildarríkjanna leiða þjóðir sínar gagnvart Evrópu-sambandinu og skilgreina þau forgangsatriði og hagsmunamál sem þarf að þrýsta á og semja um í Brussel. Þjóðþing aðildarríkjanna hafa jafnframt bein áhrif á ákvarðanir um löggjöf ESB þannig að allar tillögur til breytinga á löggjöf ESB verður að senda til þjóðþinganna sem síðan hafa átta vikur til að koma fram með rökstutt álit á tillögunum. Ef ákveðinn fjöldi þjóðþinga andmælir tillögunni má breyta henni eða draga hana til baka. Þetta gefur þjóðþingum færi á að stýra Evrópusambandinu í málum sem betra er að leysa á vettvangi ríkjanna sjálfra, í gegnum svæðisbundið samstarf eða á sveitarstjórnastigi.

3. Hvernig geta íbúar ríkja Evrópusambandsins haft áhrif á ákvarðanir um löggjöf ESB?

Íbúar Evrópusambandsins hafa **þrjár leiðir** til að hafa áhrif: Umsagnir til framkvæmdastjórnarinnar, beiðnir til Evrópuþingsins og borgarafrumkvæði um nýja löggjöf.

- » Framkvæmdastjórnin tekur við umsögnum frá einstaklingum og lögaðilum þegar vinna hefst við gerð nýrra frumvarpa eða við endurbætur á löggjöf (*e. public consultations*). Þannig geta þau sem hafa áhuga á viðfangsefninu eða hafa sérþekkingu á því, veitt ráðgjöf við fyrstu drög áður en framkvæmdastjórnin sendir frumvarpið til leiðtoga ráðsins og Evrópuþingsins til frekari umræðu og samþykktar.
- » Íbúar, fyrirtæki, samtök og félög með höfuðstöðvar innan ESB geta sent beiðnir til Evrópuþingsins um málefni sem varða þau beint. Sérstök beiðnanefnd (*e. Petition board*) fer yfir innsendar beiðnir í hverjum mánuði og ákveður hverjum skuli fylgja eftir og hvernig.
- » Borgarafrumkvæði Evrópu (*e. European Citizens' Initiative*) er nýjung sem gefur íbúum ESB tækifæri til að hafa áhrif á stefnu sambandsins. Með því að hrinda af stað samstilltu verkefni og safna einni milljón undirskrifta því til stuðnings í sjö af 27 aðildarríkjum, má leggja fram beiðni til framkvæmdastjórnar ESB um frumvarp að nýrri löggjöf.

4. Hver er munurinn á ESB og EES?

Evrópusambandið (ESB) er hvorki sambandsríki á borð við Bandaríkin né alþjóðastofnun líkt og Sameinuðu þjóðirnar. ESB er mjög nán stjórn mála og efnahagsleg samvinna milli 27 sjálfstæðra og fullvalda ríkja sem hafa ákveðið að deila með sér fullveldi á afmörkuðum sviðum sem lýsir sér í því að í mikilvægum málum eru ákvarðanir teknar á grundvelli meirihluta atkvæða aðildarríkjanna, en ávallt er leitast eftir því að taka ákvarðanir í breiðri sátt. ESB ríkin hafa komið á fót innri markaði án ferða- og viðskipta-hindrana og tekið upp sameiginlega mynt.

EES-samningurinn er hins vegar samstarfssamningur milli aðildarríkja ESB og EFTA-ríkjanna Noregs, Íslands og Liechtenstein en með honum urðu EFTA-ríkin hluti af innri markaði ESB. Samningurinn miðar að því að stuðla að og efla viðskipta- og efnahags-tengsl með það fyrir augum að mynda einsleitt Evrópskt efnahagssvæði. Í reynd þýðir þetta frjálst flæði varnings, fólks, þjónustu og fjármagns á milli þessara ríkja. Samningurinn nær þó ekki til sjávarútvegs, landbúnaðar, utanríkis- og öryggismála, dómstólasamstarfs, samræmingar viðskiptastefnu gagnvart þriðju ríkjum og myntsamstarfs.

Ólíkt aðildarríkjum ESB hafa EES löndin Ísland, Noregur og Liechtenstein ekki bein áhrif á mótun þeirra laga og reglna sem þeim ber að taka upp samkvæmt samningnum.

5. Eykst eða minnkar atvinnuleysi þegar lönd ganga inn í Evrópusambandið?

Spurningin er flókin, enda er atvinnuleysi hvorki beintengt stefnumálum aðildarríkis né stefnumálum ESB, heldur blanda af hvoru tveggja. Samanburðarrannsóknir í öllum aðildarríkjunum sem gengu inn árið 2004 benda á hinn bóginn til þess að aðild að ESB hafi aukið hagvöxt ríkjanna. Þá hafi aðild auk þess ýtt undir fjárfestingar sem aftur höfðu jákvæð áhrif á vinnumarkaðinn og þar af leiðandi lífskjör íbúanna. Alþjóðlega fjármálakreppan hefur engu að síður haft áhrif á öll aðildarríki ESB að einhverju marki og atvinnuleysi hefur aukist í öllum ríkjum ESB.

6. Hvað er norðlægur landbúnaður og hvaða landbúnaðarsvæði innan ESB falla undir þá skilgreiningu?

Finnar og Svíar hafa samið sérstaklega við Evrópusambandið um svokallaðan norðlægán landbúnað (*e. Nordic Aid Scheme*) og á það við um strjálbýl landbúnaðarsvæði sem henta verr til ræktunar en svæði sunnar í álfunni. Með inngöngu í ESB gangast aðildarríki undir sameiginlegu landbúnaðarstefnuna sem fer með niðurgreiðslur og stuðning við landbúnað og bændur innan ESB. Með því að semja sérstaklega um skilgreiningar svæða sem norðlægri landbúnaðarsvæða við inngöngu 1995 fengu Svíar og Finnar rétt til þess að bæta við landbúnaðarstyrki ESB úr eigin sjóðum. Ríkin geta þannig aukið stuðning við landbúnað á svæðum sem erfið eru til ræktunar og tryggt að landbúnaður leggjist ekki af á harðbýlum svæðum.

7. Hvernig hlúir ESB að dreifðum byggðum?

Þótt þróun dreifðra byggða sé ekki beintengd landbúnaðarframleiðslu veitir Evrópusambandið styrki til hennar í gegnum sameiginlegu landbúnaðarstefnuna. Það skýrist af því að dreifbýlisþróun er eitt af forgangsverkefnum Evrópusambandsins, enda býr ríflega helmingur íbúa ESB í dreifbýli sem nær yfir 91% flatarmáls aðildarríkjanna. Á tímabilinu 2007 og 2013 verður 96,3 milljörðum evra (u.þ.b. 20% af þeirri heildarupphæð sem veitt er til sameiginlegu landbúnaðarstefnunnar) varið til þróunar dreifðra byggða gegnum Dreifbýlisþróunarsjóð evrópsks landbúnaðar.

Þótt stuðningur við þróun dreifðra byggða sé að hluta til fjármagnaður af hverju aðildarríki fyrir sig, gætu mörg ríki ekki fjármagnað aukna samkeppnishæfni, umhverfisvernd, aukin lífsgæði og ný viðskiptatækifæri í dreifbýli á eigin spýtur.

8. Glata aðildarríki ESB fullveldisrétti yfir náttúruauðlindum sínum við aðild?

Í stuttu máli er svarið nei. Lissabon-sáttmálinn felur í sér nokkur nýmæli varðandi orkumál, en þar er í fyrsta sinn sérstök grein sem fjallar um orkumál sambandsins. Hún rennir styrkari stoðum undir orkustefnu ESB og skilgreinir með formlegum hætti yfirráð aðildarríkja ESB hvað varðar orkuauðlindir.

Aðild að ESB þýðir því ekki að aðildarríki missi fullveldisrétt yfir orkuauðlindum sínum, enda segir í sáttmálanum að „...ráðstafanir eru með fyrirvara um rétt aðildarríkis til að ákvarða með hvaða skilyrðum orkuauðlindir þess eru nýttar, hvaða orkugjafa það velur og almenna tilhögun orkuafhendingar [...]”

Þannig hafa Bretar til að mynda haldið yfirráðum yfir olíuauðlindum sínum og Finnar yfir skóglendi sínu.

9. Er Evrópusambandið með Evrópuher?

Nei. Aðildarríki ESB hafa engu að síður sett sér sameiginlega stefnu í utanríkis- og öryggismálum og sameiginleg stefna í öryggis- og varnarmálum (e. *Common Security and Defense Policy, CSDP*) fellur undir hana. Þar er hins vegar tekið tillit til stefnu einstakra ríkja, samanber hlutleysisstefnu nokkurra aðildarríkja.

Samkvæmt hinni sameiginlegu utanríkis- og öryggismálastefnu geta aðildarríki ESB í sameiningu sent heraflla, lögregluteymi og borgaralega sérfræðinga í verkefni til að tryggja frið og öryggi á átakasvæðum, svo sem í mannúðar- og björgunaraðgerðir, friðargæslu, stjórnun hættuástands og vopnahlésefirlit.

Ákvarðanir um slíkar aðgerðir eru teknar með einróma samþykki allra aðildarríkja í leiðtogaáráðinu en þátttaka ríkja í aðgerðunum er valkvæð.

10. Tapa ríki fullveldi sínu og einkennum við inngöngu í ESB?

Aðildarríki ESB eru sjálfstæð og fullvalda ríki sem hafa ákveðið að deila fullveldi sínu á tilteknum sviðum sem lýsir sér í því að á sumum sviðum eru ákvarðanir teknar í samráði við önnur aðildarríki. Með virkri þátttöku í ákvörðunum og samningum á vettvangi ESB getur aðildarríki aukið enn á hróður sinn á alþjóðavettvangi – og pólitísk völd um leið – sem í reynd styrkir fullveldi ríkisins fremur en að veikja það. Ekkert aðildarríki hefur tapað þjóðareinkennum, hefðum eða siðum við inngöngu í ESB. Í raun hefur aðild að ESB stuðlað að aukinni vernd og kynningu á þjóðareinkennum þeirra; hefðum, tungumálum, siðum, matarmenningu og menningarverðmætum, jafnt innan ESB sem utan.



Suðurgata 10, 101 Reykjavík | Kaupvangsstræti 23, 600 Akureyri
Sími 527 5700 – evropustofa@evropustofa.is

www.evropustofa.is



Evrópusambandið fjármagnar starfsemi Evrópustofu.